

**Starfshópur vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í
Árnessýslu, 5. fundur haldinn þriðjudaginn 19. september 2017 kl. 13 í
Skyrgerðinni, Hveragerði.**

Mætt:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi,
Árni Eiríksson, Flóahreppur,
Eydís Þ. Indriðadóttir, Flóahreppi,
Guðmundur Ármann Pétursson, Grímsnes- og Grafningshreppi,
Ingibjörg Harðardóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi,
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi,
Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi,
Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði,
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði,
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg.
Guðmundur Oddgeirsson, Sveitarfélaginu Ölfusi,
Sveinn Steinarsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, sem ritaði fundargerð.
Sævar Kristinsson og Stefán Þór Helgason, ráðgjafar frá KPMG sátu fundinn.

Fulltrúar Bláskógabyggðar boðuðu forföll.

Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Kynnt var endanlega útgáfa skýrslu KPMG. Sævar og Stefán fóru yfir þætti sem snúa að stjórnarsýslulegri afgreiðslu málsins frá nefndinni. Umræða varð meðal fundarmanna um hvernig nefndin myndi skila af sér nú þegar skýrsla KPMG liggur fyrir.

Nefndin hefur aflað gagna og rætt um ýmsa þætti er tengjast mögulegri sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu. Í ljósi þessara gagna og umræðna innan nefndarinnar samþykkir nefndin hér með að ljúka störfum án þessa að skila formlegu álitum um mögulega sameiningu sveitarfélaganna.

Fundi slitið kl. 14:00.